

REGLUGERÐ

um gáma.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð hafa eftirfarandi orð þá merkingu sem hér greinir:

- Gámasamningurinn: Alþjóðasamningur um gáma (International Convention for Safe Containers), sem undirritaður var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í Genf 2. desember 1972, ásamt viðaukum og síðari breytingum.
 - Umboðsaðili: Stofnun, sem Siglingastofnun Íslands hefur veitt umboð til að annast prófun, skoðun og viðurkenningu gáma, í samræmi við ákvæði 1. tl. IV. gr. gámasamningsins.
- Skilgreiningar gámasamningsins gilda að öðru leyti fyrir þessa reglugerð.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um nýja og eldri gáma sem notaðir eru í flutningum til og frá Íslandi, að undanteknum þeim gámum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir loftflutninga.

3. gr.

Framkvæmd.

Umboðsaðilar annast prófun, skoðun og viðurkenningu á gámum, í samræmi við ákvæði gámasamningsins.

4. gr.

Kröfur til gáma.

Gámar sem falla undir þessa reglugerð eru háðir prófun, skoðun, viðurkenningu og viðhaldi í samræmi við ákvæði gámasamningsins og skulu þeir fullnægja þeim kröfum sem kveðið er á um í gámasamningnum.

5. gr.

Skyldur eiganda.

Eigandi eða umráðamaður gáms skal uppfylla þær skyldur sem ákvæði gámasamningsins kveða á um að lagðar séu á eiganda, þ.m.t. skyldu til að halda gámi í öruggu ástandi.

6. gr.

Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar.

7. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varðar sektum samkvæmt 2. gr. laga um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma nr. 14/1985, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14/1985 um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 31. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.